



Íslensk jólatré

Jólatré fóru fyrst að sjást á íslenskum heimilum á seinni hluta 19. aldar. Á þeim tíma voru lifandi tré innflutt, enda engin barrtré sem uxu þá á Íslandi, utan einis, sem verður seint sagt að hafi heppilega jólatrjáalögun. Um leið og ræktun barrtrjáa hófst fóru að fást íslensk jólatré, þótt jólatrjáarækt sem slík hafi ekki byrjað fyrr en rétt eftir seinna stríð. Íslensk jólatré hafa af ýmsum ástæðum aldrei náð að vera nema minnihluti lifandi jólatrjáa hérlandis. Jólatrjáaræktun framan af gekk ekki áfallalaust, enda voru menn enn að læra inn á ræktunartæknina og kvæmaval, og í verði gátu íslensk tré lengi vel ekki staðist samanburð við innflutt jólatré, framleidd í fjöldaframleiðslu á jólatrjáaökum erlendis. Einnig eru margir sem kjósa að hafa sín jólatré úr plasti, frekar en lifandi tré.

Hins vegar á að vera hægt að sinna allri þörf á ræktun jólatrjáa hér innanlands og það er margt sem mælir með því að það sé gert. Á tímum gjaldeyrishafta og atvinnuleysis má telja



myndi ekki mikinn illniðurbriótanlegan úrgang, á meðan íslensku lifandi trén brotna auðveldlega niður í gróðurmold. Á móti kemur reyndar að plastjólatré má nota ár eftir ár, en það þarf að gera í tvo áratugi svo það verði að grænni kosti en lifandi tré. Einnig er það æ vinsælli möguleiki að koma í heimsókn í skóginn og finna og fella tré sjálfur. Fær fólk þá góða og holla útivist í samblandi við samveru með fjölskyldunni, en það er alls ekki óalgengt að þrjár kynslóðir komi saman til að velja rétta tréð.


Það eru þrír meginadilar sem rækta jólatré hérlandis nú – skógræktarfélög og skógræktarbændur, auk Skógræktar ríkisins. Skógræktarfélögin og Skógrækt ríkisins bjóða upp á að fólk felli sjálft tré í skóginum, en auk þess eru ýmsir sem selja tré frá þessum aðilum – stærri gróðurvöruverslanir og gróðrarstöðvar, auk ýmissa félagasamtaka sem nota jólatrjáasölu sem tekjulind. Það ættu því flestir landsmenn að stefna að því að hafa íslenskt jólatré í stofunni hjá sér!

til að framleiðsla innanlands bæði sparar gjaldeyri og skapar atvinnu. Hvað varðar efnis- og orkunotkun eru íslensku trén mun „grænni“. Víða erlendis eru bæði notuð illgresis- og skordýraeitur við framleiðsluna á meðan það heyrir til undantekninga hér. Með innfluttum trjám geta líka borist sjúkdómar og önnur óværa. Styttri flutningsleiðir frá skógi á markað hérlandis þýðir líka minni eldsneytisnotkun og útblástur og þar með minni kolefnislosun. Auk þess er þá hægt að fella trén mun síðar, en ef flytja þarf þau frá öðrum löndum, og eru trén því almennt ferskari þegar kemur að jölunum. Íslensk jólatré koma líka vel út samanborið við plastjólatrén hvað umhverfissjónarmið varðar. Framleiðsla á oliunni, sem plastið er gert úr, er orkufrek og fjarlægðir milli olíulinda og jólatrjáaverksmiðja miklar, sem þýðir aftur meiri kolefnislosun í flutninga. Einnig þarf að meðhöndla og endurvinnna plastjólatrén eftir að hætt er að nota þau, svo þau



Alþjóðlegt ár skóga 2011

Ágætu lesendur.



heimsins fyrir allt mannkyn.

Það er oft rætt um líffræðilegan fjölbreytileika og gildi þess að vernda náttúruna, auðlind sem okkur ber að ganga vel um, hlúa að og skila fram til næstu kynslóða með virðingu og þakklæti. Einstaklingurinn og einstök verk hans geta varla talist stór á mælistiku hins stóra heims, en hegðun hans og breytni til góðra verka í samskiptum og samvinnu við annað fólk og umhverfi sitt, hefur mikla þýðingu. Á þann hátt uppfyllir hann best skyldur sínar við komandi kynslóðir.

Stundum er sagt að maður fangi augnablikið. Sjálfsagt þekkja margir þá tilfinningu. Vera einn með sjálfum sér, njóta þess að skynja umhverfið á sinn hátt, kannski með einstaka hljóði smáfugla í skógi eða horfa á trjátoppa sveigjast örlítið til í sumargolu. Kasta sér niður á grasbala, horfa til himins og finna angan af ilmandi grasinu, blómunum og trjánun, fylla vitin. Á slíkri stundu verður allt svo

auðvelt, auðvelt í einfaldleik sínum, svo gefandi. Frá þannig stundum gengur maður glaður til góðra verka, þakklátur fyrir allt það sem okkur er gefið, þakklátur fyrir stundina sem færði okkur hugarró, hugrekki og sannfæringu fyrir því að lífið getur oft en ekki verið dásamlegt.

Vart er hægt að segja að Ísland sé land mikilla skóga. Miklu fremur land örfoka mela og ógróinna víðlenda, en engu að síður dásamlegt í öllum sínum mikilfengleika fjölbreytileikans. Sannarlega viljum við vernda mikilfengleika íslenskrar náttúru, en tötrum skrátt land er ekki það land sem við viljum færa til næstu kynslóða. Við viljum sjá landið okkar klæðast skógi, eins og forðum, hefta fok á eyðisöndum og tryggja að fjölbreytileiki náttúrunnar verði meiri og betri en nokkru sinni fyrr. Alþjóðlegt ár skóga er gott innlegg í þeirri viðleitni og hvetur okkur til dáða. Þróttmikið starf skógræktarfélks, ræktenda, unnenda íslenskrar náttúru, verður þar seint að fullu þakkað. Gjöfin er hins vegar greidd af náttúrunni sjálfri þar sem ávöxtur ötullar ræktar leynir sér ekki.

Slík gjöf er gulli betri.

Magnús Gunnarsson,
formaður Skógræktarfélags Íslands.

Velkomin í Heidmörk



Jólamarkaðurinn á Elliðavatni

opið um helgar fram að jólum kl. 11-17

Íslensk jólatré, handverk og hönnun.
Fallegar jólaskreytingar úr skógarefni.
Jólasveinar heilsa upp á börnin.
Rithöfundar lesa úr nýútkomnum bókum.
Barnastund í Rjóðrinu, harmonikkuleikur
og kórsöngur.

Jólaskógurinn í Grýludal

opnar laugardag **10. desember**
opin um helgar fram að jólum kl. 11-16

Komið og höggvið eigið tré!
Í boði eru úrvals íslensk jólatré.
Einnig nýhöggvin tré á staðnum.
Kakó og piparkökur handa öllum!



Skógræktarfélag Reykjavíkur
facebook.com/heidmork
heidmork.is

Skógarferð til Skotlands



Skógræktarfélag Íslands stóð fyrir fræðsluferð til Skotlands dagana 25. september til 2. október. Flogið var til Glasgow og haldið þaðan upp í Hálöndin til Inverness, þar sem gíst var í þrjár nætur, en þaðan var haldið til smábæjarinnar Drymen (um 30 km frá Glasgow), þar sem gíst var næstu þrjár nætur, en síðustu nóttinni var svo eytt í Glasgow. Í ferðinni voru skoðaðir skógar, sögustaðir og falleg náttúra Hálandanna. Meðal annars var farin dagsferð í eyjuna Skye, Ardkinglas og Benmore grasagarðarnir heimsoðtir, kíkt á nokkra kastala og heilsað upp á hið fræga skrímsli Nessie í Loch Ness, auk þess sem bragðað var á einni frægustu afurð Skota, viskíi.

Skipuleggjandi ferðarinnar var skógfræðingurinn og Íslandsvinurinn Alexander „Sandy“ Robertson, sem er mörgu skógræktarfólki að góðu kunnur, en fararstjórar voru Einar Gunnarsson, Skógræktarfélagi Íslands og Kristján Baldursson, ferðaskrifstofunni Trex. Aðalsteinn Sigurgeirsson sá um túlkun.

T.v. Hæsta tré Bretlands, risapínur í Ardkinglas grasagarðinum (Mynd: RF).



Hópurinn í heimsókn hjá skosku skógstjórninni í David Marshall Lodge (Mynd: RF).



T.h. Skotar hafa aukið skógarþekju sína mikið með gróðursetningum á 20. öld, úr um 4% lands upp í um 17% (Mynd: RF).

Skógarferð til Þýskalands 2012

Skógræktarfélag Íslands hefur um áráðir staðið fyrir fræðsluferðum á erlenda grund og er ferð ársins 2012 nú í undirbúningi. Stefnan er tekin til upprunallands skógræktar sem slíkar, Þýskalands, og er fyrirhugað að fara þangað næsta haust.

Fyrirhugað er að fljúga til München og fara þaðan í um viku ferð um Bæjaraland (Bayern) til að skoða skóga og vinnslu afurða skóga, auk þess sem ætlunin er að hitta þarlent skógarfólk. Einnig verður, eins og ávallt, hugað að almennri skoðun á náttúru og sögustöðum svæðisins og má þar sérstaklega telja til kastala, en af þeim er töluvert í Bæjaralandi. Á stefnuskránni er að skoða að minnsta kosti einn slíkan.

Hægt er að skrá sig strax á áhugalista fyrir ferðina til að fá nánari upplýsingar um hana um leið og þær liggja fyrir. Skráning er hjá Skógræktarfélagi Íslands, s. 551-8150 eða á netfangið skog@skog.is.



Laufblaðið

Fréttablað, 20. árgangur, 3. tölublað 2011.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2011:

Magnús Gunnarsson formaður.
Sigrún Stefánsdóttir varaformaður.
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri.
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari.

Meðstjórnendur:

Gísli Eiríksson
Páll Ingbór Kristinsson.
Þuríður Yngvadóttir.


Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Vilhjálmur Lúðvíksson
Kristinn Þorsteinsson

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands:



Jóla- og tækifæriskort Skógræktarfélags Íslands árið 2011



Nýlega er komið út tækifæriskort Skógræktarfélags Íslands 2011. Kortið prýðir mynd er heitir „Jack Lumber in the green“ og er eftir Söru Riel. Þessi mynd prýðir einnig forsiðu 2. heftis Skógræktarritsins 2011.

Sérstök hvatning er á kortinu, þar sem kemur fram að fyrir hvert selt kort gróðursetur félagið eitt tré. Ekkert er prentað inn í kortin, þannig að þau nýtast við hin ýmsu tilefni – sem jólakort, afmæliskort, boðskort eða hvaðeina sem fólki dettur í hug.

Kortin eru seld 10 saman í bunti með umslagi, á kr. 1.000. Ef pöntuð eru 50 kort eða fleiri er veittur 25 % afsláttur.

Hægt er að nálgast kortin á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands, í Skúlatúni 6, 2. hæð. Einnig er hægt að panta kortin í síma 551-8150 eða með tölvupósti til skog@skog.is og fá þau póstsend en þá bætist við 250 kr. afgreiðslugjald.

Einnig fást enn eldri tækifæriskort. Nánari upplýsingar má finna á vef Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is.



Skógræktarfélag Íslands þakkar styrktaraðilum
kærlega fyrir stuðninginn.

Skógræktarfélag
Borgfirðinga
Brúarlandi 2 - 310 Borgarnesi

Opinn skógur á Fossá opnaður

Laugardaginn 27. ágúst var boðað til hátíðar í skóginum að Fossá í Hvalfirði í tilefni þess að skógurinn var formlega tekinn inn í verkefnið Opinn skógur. Tókst hátíðin í alla staði vel, enda var veður sérlega gott, sólskin og blíða, og mættu vel á þriðja hundrað manns.

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tók á móti gestum með vel völdum lögum, en formleg dagskrá hófst svo á ávarpi Eiríks Páls Eiríkssonar, formanns Fossár, skógræktarfélags. Að því loknu klippti Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra á borða við stíg inn í skógin og opnaði skógin þar með formlega.

Þá tók við dagskrá í lundi í skóginum, Vigdísarlundi, sem nefndur er eftir Vigdís Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta. Afhjúpaði Vigdís skilti er markar lundinn og vígði hann þar með formlega. Flutti hún stutt ávarp, en að því loknu fluttu ávarp Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, Bragi Michaelsson, formaður Skógræktarfélags Kópavogs, og fulltrúar styrktaraðila Opinna skóga, Guðný Hansdóttir, starfsmannastjóri Skeljungs, og Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka. Bragi nýtti að auki sitt ávarp til að gera Hjördísi Erlu Pétursdóttur að heiðursfélagi Skógræktarfélags Kópavogs og afhenti henni skjöld og blómvönd í tilefni þess. Inn á milli atriða tók svo Karlaður Kópavogs lagið, auk þess sem Brynhildur Ásgeirsdóttir lék á þverflautu.

Dagskráin endaði svo á hressingu - kaffi, kakó og bakkelsi, ásamt hollu grænmeti frá garðyrkjubændum, undir harmonikkuleik. Skemmtidagskrá var fyrir börnin, meðal annars andlitsmálun, sögustund í skóginum og hægt var að prófa klifurvegg.



Vigdís Finnbogadóttir afhjúpar skilti sem markar lundinn er heitir í höfuðið á henni (Mynd: BJ).



Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra opnar skógin á Fossá formlega með því að klippa á borða. Eiríkur Páll Eiríksson, formaður Fossár, skógræktarfélags, hjálpar til (Mynd: BJ).

Gestir snæddu sér á „skógarhressingu“ í lok dagskrár - kaffi, kakó og bakkelsi, ásamt hollu grænmeti frá garðyrkjubændum (Mynd: RF).



Birki nýtt á nýja vegu

Í Haukafelli, landi Skógræktarfélags Austur – Skaftfellinga, hefur í tvö sumur verið safnað birkilaufi til að nýta í matvælagæð. Að tilstuðlan Mátis á Höfn, hóf félagið að vinna birkisalt og birkite úr birkilaufi. Afurðirnar hafa verið seldar í Heimamarkaðsbúðinni á Höfn, sem selur margskonar matvæli af svæðinu undir merkjum „Í ríki Vatnajökuls“.

Nú hefur félagið komið verkefninu í hendur

Rannveigar Einarsdóttir, sem mun þróa það enn frekar í samstarfi við Saltverk Reykjaness, Mátis og Dill restaurant með fjárstyrk frá Vaxtasamningi Suðurlands.

Varan mun áfram fást í Heimamarkaðsbúðinni á Höfn og með hækkandi sól á fleiri sölustöðum. Einnig er hægt að panta vöruna beint af vefsíðunni www.natturulega.is.



Fjallagullregn í Reykjanesbæ

tré ársins 2011

Skógræktarfélag Íslands tilkynnti um val á tré ársins 2011 við hátíðlega athöfn að Greniteigi 9 í Reykjanesbæ þriðjudaginn 13. september. Tré ársins er af tegundinni fjallagullregn (*Laburnum alpinum*) og gerir sérstaða þess og fegurð það vert útnefningar. Þetta er í fyrsta skipti sem tré á Suðurnesjum verður fyrir valinu en þetta tiltekna tré þykir fyrirtaks dæmi um hvernig trjágróður getur vaxið og dafnað suður með sjó þrátt fyrir erfið skilyrði. Gullregnið er afar harðgert tré sem myndar falleg gul blóm síðsumars og hefur því notið mikilla vinsælda meðal garðeigenda hér á landi.

Við upphaf athafnanna lék lúðraflokkur fáein lög. Því næst flutti Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ávarp og veitti síðan Sigrúnu Guðjónsdóttur, eiganda trésins, viðurkenningu. Árni Sigfússon, bærarstjóri Reykjanesbæjar, flutti einnig ávarp af þessu tilefni þar sem hann minntist meðal annars á brokkgengar trjáræktartilraunir Duus-fjölskyldunnar skömmu fyrir aldamótin 1900.

Skógræktarfélag Íslands útnefnir árlega Tré ársins. Er útnefningunni ætlað að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land.

T.v. Gústaf Jarl Viðarsson mælir gullregnið (Mynd: EÖJ).

T.h. Árni Sigfússon, bærarstjóri Reykjanesbæjar, Sigurður Bjarnason, barnabarn eigandans og íbúi í húsinu, Sigríður Guðjónsdóttir, eigandi trésins og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands (Mynd: EÖJ).



Gullregnið í blóma (Mynd: Sigurður Bjarnason).



Jólatrjáamarkaður skógræktarfélaganna við Umferðarmiðstöðina (BSÍ)

**Íslensk jólatré af ýmsum stærðum og gerðum -
ræktuð á umhverfisvænan hátt í skógum félaganna!**

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra opnar jólatrjáamarkaðinn formlega laugardaginn 10. desember kl. 13. Jólasveinar koma í heimsókn og tónlistarkonan Mr. Silla (sem kallar sig Jóla Sillu af þessu tilefni) leikur jólatónlist.

Rjúkandi kaffi, kakó og piparkökur í boði.


Allir velkomnir!

Opnunartími jólatrjáamarkaðarins:

11.-20. desember kl. 12-20.

21.-23. desember kl. 12-22.

Trjátegundir í boði: stafafura, rauðgreni, blágreni, sitkagreni og fjallapínur.





Reykjavík

Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Bókhaldsþjónusta Gunnars, Ármúla 29
Bræðurnir Ormsson ehf, Síðumúla 9
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eignamiðlunin Reykjavík og Mosfellsbæ,
Síðumúla 21
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Garðheimar, Stekkjabakka 6
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gullsmiðurinn í Mjódd, Álfabakka 14b
Háskóli Íslands, við Suðurgötu
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Landvernd, Skúlatúni 6
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Umhverfis- og samgöngusvið
Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

Kópavogur

Bílaþvottastöðin Löður ehf
Kriunes ehf, Kriunesi við Vatnsenda
MHG verslun, Akralind 4

Garðabær

Geislataekni ehf, Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Manus ehf, Smiðsbúð 7
Miklartorg hf - IKEA, Kaupúni 4
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14
Samhentir Umbúðarlausnir, Suðurhrauni 4
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð,
Gullhelli 1
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Aflbinding - Járnverktakar ehf, Kliftröð 5
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8
Röðull bílaverkstæði, Flugumýri 6

Akranes

Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Borgarnes

Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri
Sæmundur Sigmundsson ehf,
Brákarbraut 20

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf,
Aðalgötu 24

Ísafjörður

Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi
Útgerðarfélagið Kjölur ehf, Urðarvegi 37

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Hvammstangi

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

Blönduós

Gullregn - garðplöntustöð, Auðkúlu 1

Sauðárkrúkur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Leiðbeiningamiðstöðin, Aðalgötu 21
Skagafjarðarveitur ehf, www.skv.is,
Borgarteigi 15

Akureyri

Höldur - Bílaleiga Akureyrar,
Tryggvabraut 12
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34

Dalvík

Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12

Egilsstaðir

Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradalsbraut 21-23
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1
Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Kaupvangi 5

Reyðarfjörður

AFL - Starfsgreinafélag, Búðareyri 1

Eskifjörður

Fjarðarþrif ehf, Kirkjustíg 2

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10

Höfn í Hornafirði

Skinney - Þinganes hf, Krossey

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,
Dalbraut 1
Búnaðarsamband Suðurlands,
Austurvegi 1
S. G. Hús hf, Austurvegi 69
Vélaverkstæði Þóris ehf, Austurvegi 69

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Kirkjubæjarklaustur

Skógræktarfélagið Mörk

Svipmyndir af vettvangi skógræktar



Að ofan. Mun fleiri tegundir en áður var talið geta þrífist hér á landi og var til dæmis töluverð umfjöllun á árinu um ræktun ávaxtatrjáa. En það má einnig finna dæmi um önnur mjög óvenjuleg tré sem vaxa hér á landi, eins og þessi apahrellir (*Araucaria araucana*) sem vex í garði í Reykjavík (Mynd: Einar Ó. Þorleifsson).

T.h. Ketilkaffi er alltaf vinsælt og með smá útbúnaði er hægt að hella upp á það því næst hvar sem er. Hér er í undirbúningi skógarkaffi á aðalfundi Skógræktarfélags Borgarfjarðar í Reykholti (Mynd: RF).



Að ofan. Félagar í Félagi trérennismiða á Íslandi voru með ýmislegt fallett til sölu á Vörmarkaðinum á Elliðavatni (Mynd: RF).




Sameinuðu þjóðirnar lýstu árið 2011 alþjóðaár skóga og var því ætlað að auka vitund fólks um mikilvægi skóga og styrkja sjálfbæra umhirðu, vernd og vöxt skóga til hagsbóta fyrir núverandi og komandi kynslóðir.

Skógræktarfolk hér á landi tók þessu ári fagnandi, enda gafst með því gott tækifæri til að kynna hinar ýmsu hliðar skógræktar fyrir öllum almenningi. Skógræktarfélög og aðrir skógræktaraðilar um allt land stóðu fyrir hinum ýmsu viðburðum. Mikilvægi skógræktar fyrir úti-vist, umhverfisvernd og lýðheilsu hefur verið kynnt, auk þess sem fyrst nú er farið að tala af fullri alvöru um þann efnivið sem úr íslenskum skógum kemur. Það er nefnilega svo, að þótt að skógarlendur okkar séu lítill hluti landsins og litlar samanborið við ýmis nágrannalönd okkar, þá er samt hægt að nýta afurðir þeirra til að skapa verðmæti – til ýmis konar handverks, listmuna og nytjahluta. Mun meiri viður mun falla til á næstu árum heldur en þekkist hefur hingað til, þar sem sú aukning í gróðursetningum sem varð með tilkomu landshlutabundinna skógræktarverkefna, er nú að skila sér í plöntum á grisjunaraldri. Það er hins vegar ekki nóg að vera með efniviðinn núna. Viður er ekki framleiddur á einni nóttu í verksmiðju – það er afurð sem krefst áratuga undirbúnings. Til að tryggja að ekki komi eyða í framboð á íslenskum viði í framtíðinni þarf að gróðursetja núna, á næsta ári og því næsta og í því magni að nýst geti framleiðendum framtíðarinnar.

Hér eru nokkrar svipmyndir af vettvangi skógræktar árið 2011. Megi starfið vaxa og dafna á komandi árum, eins og trén.

T. h. Góð þátttaka var í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Skotlands, enda margt áhugavert að sjá þar. Hér er gengið um skóga við Blair Atholl kastalann (Mynd: RF).



Að ofan. Það er hægt að nýta ýmislegt úr skóginum annað en trén sjálf. Sveppatínsla verður til dæmis sífellt vinsælli (Mynd: RF).

T.h. Ólafur E. Ólafsson sýnir fundargestum á fulltrúafundi skógræktarfélaganna skógarvinnsluvél í Hamrahlið í Mosfellsbæ (Mynd: BJ).

T.v. Í Höfðaskógi við Hvaleyrarvatn var ný gönguleið og áningarstaður, sem Lionsklúbburinn Ásbjörn í Hafnarfirði lét útbúa, vígður og heitir svæðið Værð (Mynd: BJ).



Svipmyndir af vettvangi skógræktar



Að ofan. Pakkhúsið í Vatnshorni í Skorradal var vígt eftir endurgerð þess, en það er fyrsta húsið sem er endurviðað og klætt úr íslensku timbri (Mynd: BJ).

T.h. Sífellt vinsælla verður að koma út í skóg á aðventunni og fella sitt eigið jólatré. Þá getur verið gott að vera með traustan bíl til að koma trénu heilu og höldnu heim (Mynd: Ragnheiður Jósúadóttir).



T. v. Gestir á hátíðinni Blóm í bæ í Hveragerði kynna sér upplýsinga-stand frá Skógræktarfélagi Hveragerðis (Mynd: RF).

Að ofan t.v.. Sumarið er ef til vill vinsælasti tíminn til gönguferða í skóginum, en það má gera á hvaða árstíma sem er, jafnvel í myrkasta skammdeginu. Skógræktarfélag Hafnarfjarðar stóð fyrir „ljósa-göngu“ í byrjun nóvember, þar sem göngufólk mætti með vasaljós og luktir mörkuðu leiðina að hluta (Mynd: RF).



Áfram var unnið að frágangi nýs móttökuhýsis í skógarreit Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði. Unnu meðal annars sjálfboda-liðar frá Seeds-samtökunum að því verkefni og stóðu sig vel. Húsið kemur sér vel á aðventunni, þegar hópar fólks koma í skóginn til að velja og fella sitt eigið jólatré (Mynd: BJ).



Að ofan. Íslenskan skógarefnivið má nýta á margan hátt og þarf ekki alltaf að horfa til stærstu bolanna í því samhengi. Hér má sjá skemmtilega nýtingu á tiltölulega grönnum stofnum (Mynd: RF).

Rathlaup á Íslandi

Oft vaknar sú spurning upp á hvern hátt megi nýta þau útivistar-skógarsvæði sem skógræktarfélögin hafa verið að gróðursetja í á undanförunum árum. Á Norðurlöndum hefur víðavangshlaup þar sem notast er við kort og áttavita verið stundað í heila öld og nýtur mikilla vinsælda. Á flestum erlendum málum hefur þessi íþrótt verið nefnd „orienteering“ en við stofnun félags hér á landi var ákveðið að taka upp nýyrðið rathlaup.

Rathlaupsfélagið Hekla var stofnað hér á landi fyrir tveimur árum og hefur farið mjög vel af stað. Haldin hafa verið Íslandsmót og eitt alþjóðlegt mót síðast liðið sumar. Laufblaðið fékk Gísla Örn Bragason, meistaranema í jarðfræði, sem er Íslandsmeistari í rathlaupi, til að segja frá þessari íþrótt.

Hvað er rathlaup?

Rathlaup er hlaupaíþrótt sem stunduð er á opnum svæðum bæði innan borgarmarka og utan. Þátttakendur fá kort af hlaupasvæðinu og eiga með aðstoð þess að fara á milli stöðva sem merktar eru á kortið. Hefðbundið rathlaup gerir ráð fyrir því að farið sé á milli stöðvanna í fyrirfram ákveðinni röð en til eru ýmsar aðrar útgáfur. Rathlaup er því íþrótt sem er stunduð utandyra í sátt við náttúruna og umhverfið. Hún gerir miklar kröfur til hlauparans enda þarf hann að einbeita sér að því að rata rétta leið um leið og hann fer eins hratt og mögulegt er yfir svæði sem getur verið honum algjörlega ókunnugt. Rathlaup hefur verið nefnt „hlaup hins hugsandi manns“ enda reynir bæði á huga og styrk meðan fólk hleypur.



Í rathlaupi gildir bæði að fara hratt yfir og rétta leið!
(Mynd: Helgi R. Olgeirsson).

Alþjóðlegt rathlaupsmót í Heiðmörk


Árið 2009 var stofnað fyrsta rathlaupsfélagið hér á landi eftir eins árs undirbúning, en hópar frá Norðurlöndunum hafa komið hingað og stundað rathlaup frá árinu 1997. Starfsemi rathlaupsfélagsins fer að mestu fram frá maí til október, en þá er boðið upp á vikuleg hlaup fyrir félagsmenn og almenning á þeim svæðum sem hafa verið kortlögð. Helstu skógarsvæði á höfuðborgarsvæðinu hafa verið kortlögð með alþjóðlegum kortastöðlum og þannig geta rathlauparar frá öllum heiminum notast við kortin. Rathlaupskort eru eins og hefðbundin kort nema mun nákvæmari þar sem þar kemur fram nákvæmt landslag, gróðurþekja og allir steinar og klettur sem eru sjáanlegir. Rathlaupsfélagið hefur fengið hingað til landsins kortagerðamenn frá Noregi og Eistlandi til að kortleggja helstu æfingarsvæðin sem eru Öskjuhlíð, Elliðaárdalur og Heiðmörk. Síðasta sumar var haldið hér á landi alþjóðlegt rathlaupsmót í Heiðmörk og

voru þar yfir 100 erlendir þátttakendur. Þeir höfðu á orði hvað landslagið væri einstakt og fannst mjög heillandi að hlaupa í þessu erfiða landslagi. Margir höfðu þó á orði hvað skógarnir væru illa hirtir og fannst vanta mikið upp á grísjun skóganna enda vanir skipulögðum nytjaskógum.


Samstarf við skógræktarfélög

Á Norðurlöndunum er rathlaup hluti af skólakerfinu og talin vera nauðsynleg þjálfun í kortalestri og rötun. Til að geta ferðast um náttúruna er nauðsynlegt að geta ratað og þá er notast við rathlaupsþjálfun. Rathlaupsíþróttin eykur gildi skógasvæða á Íslandi og opnar þau fyrir almenningi með því að bjóða upp á reglulegar æfingar á þessum svæðum. Mikill áhugi er erlendis á að koma hingað til lands til að hlaupa rathlaup og mun rathlaupsfélagið standa fyrir alþjóðlegri keppni aftur næsta sumar sem verður haldin í Heiðmörk og Elliðaárdal.

Algengt er að rathlaupsfélag sjái um kortagerð fyrir útivist á Norðurlöndunum og hefur félagið áhuga á því að stofna til slíks samstarfs við skógræktarfélögin. Rathlaup hefur farið vel af stað en það mun taka nokkur ár að byggja íþróttina upp hér á landi. Félagið telur að samstarf við skógræktarfélög sé mikilvægur hlekkur í uppbyggingu íþróttarinnar og er reiðubúið að kynna málin á fundum félaganna ef áhugi er fyrir slíku.



Komið að stöð í skóginum
(Mynd: Helgi R. Olgeirsson).



Skógar geta verið skemmtileg umgjörð fyrir rathlaup
(Mynd: Helgi R. Olgeirsson).

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2011

76. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Fjölbrautar-skóla Snæfellinga á Grundarfirði dagana 2.-4. september 2011 og var Skógræktarfélag Eyrarsveitar gestgjafi fundarins að þessu sinni. Á annað hundrað fulltrúar skógræktarféлага sóttu fundinn, alls staðar af landinu, og tókst fundurinn vel.

Að venju hófst fundurinn á föstudagsmorgni með ávörpum og hefðbundnum aðalfundarstörfum, en eftir hádegið var haldið í vettvangsferð. Ekið var áleiðis að Hallbjarnareyri og svo heimsóttur Eiðisskógur, einn skóga Skógræktarfélags Eyrarsveitar. Því næst var haldið til Ólafsvíkur, þar sem gengið var um skógræktarsvæði ofan bæjarins. Endaði gangan á því að undirskrifaður var samningur milli Skógræktarfélags Ólafsvíkur og Snæfellsbæjar um Landgræðsluskóg út frá núverandi skógi. Einnig var undirritaður samstarfssamningur milli Skógræktarfélags Ólafsvíkur og Grunnskóla Snæfellsbæjar um notkun á gömlu fjárhúsi á svæðinu til fræðslu. Að því loknu var ekið til Hellissands, þar sem Opinn skógur í Tröð var heimsóttur, en þar bauð Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli upp á hressingu og gönguferð um svæðið. Deginum lauk svo með nefndarstörfum að loknum kvöldmat.

Dagskrá laugardagsmorguns hófst á fræðsluerindum, en að þeim loknum var haldið í vettvangsferð, sem hófst á göngu yfir í Brekkuskóg ofan Grundarfjarðar. Þar var ný aðkoma formlega tekin í notkun. Gengið var um skóginn og endað á hressingu í skógarlundi. Dagskrá laugardagsins lauk svo með hátíðarkvöldverði



Gunnar Njálsson, formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar, gróðursetur myndarlegan reynivið í Tröð við Hellissand, með aðstoð Karenar Líf, dóttur sinnar (Mynd: RF).

og kvöldvöku í boði Skógræktarfélags Eyrarsveitar. Voru fjórir félagar í Skógræktarfélagi Eyrarsveitar heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins og skógræktar og voru það Pálína Gísladóttir, Vigdís Gunnarsdóttir og hjónin Arnór Páll Kristjánsson og Auður Jónasdóttir.

Á sunnudeginum tóku svo við hefðbundin aðalfundarstörf – afgreiðsla reikninga, tillagna og kosning stjórnar, en fundi lauk um hádegi.



Fundargestir skoða sig um í Eiðisskógi (Mynd: BJ).



Fundargestir njóta skjólsins í Brekkuskógi ofan Grundarfjarðar. Fyrstu trjáplönturnar voru settar þar niður á 7. áratugnum og hafa verið gróður-settar þar fjölmargar tegundir, þar á meðal blágreni, birki, alaskavíðir, sitkagreni, bergfura og hvítsitkagreni. Mikið hefur einnig verið sett niður af hinum ýmsu víðitegundum (Mynd: RF).



(F.v.) Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ásamt handhöfum viðurkenninga: Vigdís Gunnarsdóttir, Pálinu Gísladóttur og hjónunum Arnóri Páli Kristjánssyni og Auði Jónasdóttur (Mynd: RF).

„Græn“ messa í tilefni alþjóðaárs skóga

Sunnudaginn 27. nóvember var haldin guðþjónusta tileinkuð alþjóðlegu ári skógi í Seltjarnarneskirkju. Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi og verkefnisstjóri Alþjóðlegs árs skóga 2011 flutti hugleiðingu um skóga og afurðir þeirra. Hjörtur Pálsson skáld flutti tvö ljóð um skóga og Vilhjálmur Lúðvíksson, formaður Garðyrkjufélags Íslands, las ritningarlestra. Seltjarnarneskirkja varð einnig formlega „græn kirkja“ í athöfninni.

Kór Menntaskólans í Reykjavík söng í messunni, undir stjórn Guðlaugs Viktorssonar og organisti var Friðrik Vignir Stefánsson. Sr. Bjarni Þór Bjarnason messaði.

Undir lok guðþjónustunnar voru veitt verðlaun í samkeppni um duftker úr íslenskum viði, sem fram fór í tilefni af alþjóðaárinu. Upphaflega stóð til að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra myndi veita verðlaunin, en hún forfallaðist vegna veikinda og sá Hulda Guðmundsdóttir því um að veita verðlaunin. 28 ker bárust í samkeppnina og var hægt að skoða þau í anddyri kirkjunnar. Þrenn verðlaun voru veitt. Í þriðja sæti varð duftker eftir Svein-

björn Gröndal, sexhyrnt í laginu úr birki og lerki. Í öðru sæti varð Ólafur Sveinsson, með duftker úr reynivið, þar sem náttúruleg lögun viðarins naut sín vel. Í fyrsta sæti varð svo Karl Vignir Dyrving, fyrir duftker úr birki og reyni. Þótti hönnun þess bjóða upp á nýtingu á ýmsum gerðum viðar og mætti t.d. vel nýta grisjunarvið við gerð þess.



Duftkerin sem urðu í 1.-3. sæti. F.v. 3. sæti, 1. sæti og 2. sæti (Mynd: RF).

T.h. Duftkerið sem varð í fyrsta sæti, eftir Karl Vigni Dyrving. Gert úr birki og reyni. Krossinn á kerinu þótti koma sérlega skemmtilega út (Mynd: Marianna Friðjónsdóttir).



Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk styrk úr Global ReLeaf verkefninu, sem er samvinnu-verkefni American Forests og Alcoa Foundation.

Sótt var um fjármagn til gróðursetningar trjáplantna á Reyðafirði og í Vinaskógi. Var hugsunin þar á bak við að gefa starfsfólki Alcoa á báðum stöðvum fyrirtækisins hér á landi tækifæri til að taka þátt í gróðursetningu.

Skógræktarfélag Reyðarfjarðar stóð fyrir gróðursetningadegi laugardaginn 13. ágúst. Mættu þar starfsmenn frá Alcoa ásamt meðlimum Skógræktarfélags Reyðarfjarðar og fulltrúa frá Skógræktarfélagi Íslands og settu niður trjáplöntur. Að plöntun lokinni var boðið upp á pylsur og aðra hressingu.

Starfsmenn Alcoa og félagar úr Skógræktarfélagi Reyðarfjarðar mættu glaðbeitt til gróðursetningar (Mynd: Hilmar Sigurbjörnsson).



Heimsins græna gull – ráðstefna um skóga

Laugardaginn 22. október var haldin alþjóðleg ráðstefna um ástand og horfur skóga heimsins undir yfirskriftinni *Heimsins græna gull* og fór hún fram í Kaldalóni í Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Heppnaðist ráðstefnan vel, en rúmlega hundrað manns mættu til hennar. Fundarstjóri var Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður Rannsóknastöðvar skógræktar, Mógilsá.

Ráðstefnan hófst á ávarpi Jóns Loftssonar skógræktarstjóra, en því næst var sýnd stuttmynd frá Sameinuðu þjóðunum, myndin Skógar og menn (*Of Forests and Men*) eftir Yann Arthus-Bertrand. Á eftir myndinni kom ávarp Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra.

Að ávarpi Svandísar loknu var komið að fyrsta erindi dagsins. Mette Wilkie Løyce, forstöðumaður innan Skógræktarsviðs Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, fjallaði um stöðu og horfur hjá skógum heimsins og helstu niðurstöður mats á skógarauðlindum heimsins 2010. Í erindi hennar kom meðal annars fram að heldur er að draga úr hraða skógareyðingar í heiminum almennt, þótt enn dragist skógar saman á heildina litið. Staðan er líka misjöfn eftir heimshlutum, mesta eyðingin á sér stað í hitabeltinu, en mesta aukningin í lauf- og barrskógabeltinu.

Jan Heino, formaður samninganefndar um lagalega bindandi milliríkjasamning um skóga í Evrópu, tók næstur til máls. Sagði hann frá fyrirhuguðum viðræðum um samninginn og hvatti Ísland til að leggja sitt til málanna þar. Auk þess fjallaði hann nánar um skóga í Evrópu, en þar er skógarþekjan almennt að aukast, og fór yfir helstu nýttjar af skógum í Evrópu.

Næst á mælendaskrá var Monika Stridsman, skógræktarstjóri Svíþjóðar. Heiti erindis hennar var *Frelsi með ábyrgð í skógræktar-geiranum*. Fór hún þar yfir helstu þætti skógræktar í Svíþjóð, umfang skóga og mikilvægi þeirra, bæði efnahagslegt og félagslegt. Kom Monika nokkuð inn á stefnumótun fyrir skógrækt og kom þar fram að mikil áhersla er nú lögð á að ná jafnvægi milli nýtingar og verndunar og þar með aukin áhersla á fjölþætta skógrækt.


Fyrirlesarar ræða málin í pallborði í lok ráðstefnu. F.v. Þröstur Eysteinson, Áine Ní Dhubháin, Jan Heino, Mette Wilkie Løyce og Monika Stridsman (Mynd:RF).

Næst tók til máls Áine Ní Dhubháin, prófessor í skógfræði við Dyflinnar-háskóla og sagði hún frá skógrækt í Írlandi. Kom meðal annars fram í erindi hennar að Írar voru í svipuðum sporum og Íslendingar við upphaf 20. aldar, með skógarþekju aðeins um 1% lands. Skógar þekja hins vegar nú um 10% Írlands, samanborið við um 1,5% Íslands og hefur þeim því gengið mun betur að skógvæðast. Skógariðnaður er vaxandi iðnaður á Írlandi, en helsti veikleiki hans er að skógar Írlands eru mjög einsleitir og skiptast í margar litlar einingar, sérstaklega meðal bændaskóga.

Áður en kom að síðasta erindi dagsins var boðið upp á tónlistaratriði. Gissur Páll Gissurarson tenór tók nokkur vel valin lög, við píanóundirleik Evu Þýriar Hilmarsdóttur.

Síðastur á mælendaskrá var Þröstur Eysteinson, sviðsstjóri Þjóðskóganna, og fjallaði hann um framlag Íslands til skógræktar í heiminum. Fór hann almennt yfir skógareyðingu hér og endurheimt skóga, sem hefur gengið mun hægar hér en í ýmsum nágrannalöndum. Einnig fór Þröstur yfir þróun síðustu ára í skógræktarmálum hérlandis og möguleika nýskógræktar og skógariðnaðar.

Dagskrá lauk svo með samantekt og pallborði, sem Jón Geir Pétursson, sérfræðingur í umhverfisstofnuneytinu, stýrði og spunnust þar nokkrar umræður. Jón Loftsson sleit svo ráðstefnunni formlega.



Allir lesa Laufblaðið!


Hann Dýri nýtti tækifærið þegar hann kom síðast í heimsókn á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands og gluggaði aðeins í Laufblaðið, en það er nú komið á rafrænt form. Dýri er mikill skógarhundur og vill því fylgjast vel með því sem í gangi er hjá skógræktarfélaginu!

Allir eru hvattir til að senda inn skemmtilegar myndir undir þessari fyrirsögn. Ekki er farið í manngreinaralit með fyrirsætur, heldur er æskilegt að þær séu sem fjölbreytilegastar hvað varðar stærð, þyngd, litarhaft, hárþryði, kyn eða tegund! Sendið mynd, nafn ljósmyndara og nafn fyrirsætu til ritstjóra á netfangið rf@skog.is.


Fjárveitingar til stofnana skógræktar

Þann 22. nóvember 2011 fundaði atvinnuveganefnd Alþingis með stjórn Skógfræðingafélags Íslands til þess að ræða umsögn félagsins um þingsályktunartilöguna *Efling græna hagkerfisins á Íslandi*. Á fundinum kom meðal annars fram hjá Skógfræðingafélaginu að skógrækt hefði á undanförunum árum orðið fyrir mun meiri skerðingu á fjárlögum en sambærileg viðfangsefni í stjórnarráði Íslands. Var óskað eftir rökstuðningi fyrir þeirri fullyrðingu og var Þorbergur Hjalti Jónsson skógfræðingur fenginn í framhaldinu til að greina fjárframlög til stofnana umhverfissráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá 2008, en þau tvö ráðuneyti skipta með sér málaflokknum skógrækt. Almennt hefur verið skorið niður í báðum ráðuneytum, en sá meginmunur er á þeim að öll viðfangsefni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis eru skorin eða standa í stað en fjórar stofnanir Umhverfissráðuneytis fá á tímabilinu auknar fjárveitingar að raunvirði.

Niðurstaðan er skýr. Sumar stofnanir Umhverfissráðuneytis fá verulega auknar fjárveitingar og niðurskurður kemur mjög misjafnlega niður hjá báðum ráðuneytum. Niðurskurður til skógræktar er langt umfram meðaltal niðurskurðar. En af hverju hafa þessar stofnanir skógræktar verið skornar hlutfallslega meira niður en flestar aðrar? Skýrist niðurskurður af stefnu stjórnvalda eða árangri stofnananna í fjármálastjórn á niðurskurðartímum, þ.e. gjalda stofnanirnar þess að fara framúr



Breyting í fjárheimild á föstu verðlagi stofnana Umhverfissráðuneytis 2008-2012.



Breyting í fjárheimild á föstu verðlagi stofnana Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis 2008-2012.

fjárheimildum? Bera má saman mismun fjárheimildar og niðurstöðu ríkisreiknings og breytingu á fjárheimildum árið eftir. Sú skoðun leiðir í ljós að ekkert samband er á milli ráðdeildar og umbunar í fjárheimildum hjá þessum tveimur ráðuneytum. Skógrækt ríkisins og Hekluslógar eru skorin mikið þrátt fyrir staka ráðdeild. Að auki reyndist niðurskurðurinn almennt álíka mikill hjá báðum ráðuneytum og í takt öll árin sem skoðuð voru. Þessi niðurskurður hefur óhjákvæmilega töluverðar afleiðingar. Í Skógræktarritinu hafa um árabil verið birtar tölur um ýmsa þætti skógræktarstarfsins ár hvert. Skoðun á þeim leiðir í ljós að á þessu tímabili hefur orðið um þriðjungs samdráttur í fjölda gróðursettra plantna. Hefur sá samdráttur þegar haft þau áhrif að a.m.k. fjórir framleiðendur hafa hætt framleiðslu á skógarplöntum og aðrir dregið saman framleiðslu. Er það óheppileg þróun í ljósi þess að langan tíma getur tekið að vinna upp þá þekkingu og getu sem skapast hefur, en tapast með því fólki sem hverfur úr greininni.

Skógræktarfélag Önundarfjarðar rís úr dvala

Í október síðast liðnum hélt Skógræktarfélag Önundarfjarðar aðalfund í fyrsta skipti síðan árið 1996. Fundurinn var vel sóttur og er stjórn félagsins nú fullskipuð. Formaður er Kristján Torfi Einarsson. Á aðalfundinum fékk félagið veglega gjöf, en það er hesthús sem staðsett er við skógræktarsvæðið.

Mikill hugur er í þessu endurnýjaða félagi, sem byggir á gömlum grunni. Félagið hefur ályktað um að sækjast eftir nýjum svæðum til landgræðslu-skógræktar í kringum Flateyri og hefur þar verið horft til snjóflóðavarnargarða og uppgræðslu á malarnámu og aflögðum ruslahaugum.

Trén njóta sín vel í snjónum (Mynd: GJV).



Vísbendingar sem lofa góðu fyrir Suðurnesjamenn

Á fallegum sumardeg í byrjun september fóru nokkrir áhugasamir ræktunarmenn í skoðunarferð um svæði Skógræktarfélags Suðurnesja. Ekki síst var leiðangurinn farinn í þeim tilgangi að skoða framgang í tilraunarreitum á vegum Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá. Nokkur þessara tilraunasvæða eru innan flugvallarins í Keflavík og því ekki heiglum hent að komast í tæri við þá. Með góðum fyrirvara og smá þolinmæði fékkst leyfið og þegar við komumst síðan hnökra-laust í gegnum vopnaleytið var okkur fylgt um svæðið af starfsmanni flugvallarins. Vökul augu fylgdu þessum skrítnu náungum sem voru hér að rýna í trjágróður innan um lúpínubreiður.



Einn tilrauna-reiturinn. Sjá má trjágróður kominn á legg. Flugstöð Leifs Eiríkssonar í baksýn vestan við svæðið (Mynd: BJ).



Sigurjóni, Bjarna og Árna kom á óvart hversu þróttmikið sitkagrenið var en sprotarnir voru víða fast að einum metra (Mynd: BJ).



Tilraun frá árinu 1998 með um 25 birkikvæmi víðs-vegar af landinu. Tilraunin sýnir að birki spjarar sig ekki vel á Miðnesheiðinni; öll kvæmin hafa tilhneigingu til að mynda margstofna runna (Mynd: BJ).

Nokkur forsaga er að þeirri tilraun sem Rannsóknarstöðin lagði út árið 2002. Á árunum 1998-2000 var unnið að uppgræðslu á gróðurvana og örfoka landi umhverfis flugbrautirnar á Keflavíkurflugvelli. Á árunum 1997-2004 stóð Umhverfisdeild Varnarliðsins á Miðnesheiði fyrir umfangsmiklu uppgræðsluverkefni á Keflavíkurflugvelli. Í tengslum við verkefnið var dreift tugum þúsunda tonna af húsdýraáburði á 660 hektara lands, um leið og sáð var blöndu af lúpínu og grastegundum á sömu svæði. Jafnframt voru í tengslum við verkefnið lagðar út tilraunir á vegum Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá með aðferðir og efnivið í nýskógrækt á þessu svæði sem af mörgum er talið of veðurfarslega erfitt til skógræktar. Megintilgangur uppgræðslunnar var að koma í veg fyrir varp sílamáva en raunveruleg ógn stafaði af mávagerinu og hafði ýmsum ráðum verið beitt til að tryggja flugöryggi. Sílamávurinn er þeirrar gerðar að hann vill hafa útsýni sitji hann á eggjum. Lúpínan og annar hávaxinn gróður hentaði því sérstaklega vel í verkefnið og í ljós kom að hún var það hávaxin að sílamávurinn forðaðist samfelld lúpínu-

Ferðafélagar: Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður á Mógilsá, Sigurjón Þórðarson formaður Skógræktarfélags Suðurnesja, Bjarni Þór Karlsson, garðyrkjustjóri í Reykjanesbæ, Kristinn Þorsteinsson garðyrkjufræðingur og Árni Þórólfsson, skógarvörður hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Myndin er tekin í Vatnsholti en þar hófst Skógræktarfélag Suðurnesja handa við ræktun fyrir um 20 árum. Svæðið er nú mikið notað sem útivistarsvæði og skjólsæll yndisreitir (Mynd: BJ).



svæði. Að þessu leyti tókst þessi tilraun afbragðs vel, auk þess sem mikið af uppblásnu landi var endurheimt.


Árið 2001 kom hingað til lands Dennis Riege, bandarískur doktor í skógvistfræði, og var fylgifyrirkonu sinnar sem var yfirlyfjafræðingur hersins. Dennis hafði í doktorsverkefni sínu í Bandaríkjunum glímt við svipað verkefni, þ.e. að rækta trjágróður og koma upp skógi á mjög frjósömu ræktarlandi, en vitað er að lúpínan myndar á örfáum árum frjósaman jarðveg. Hann var því ekki að tvínóna við hlutina og setti sig í samband við Rannsóknarstöðina á Mógilsá og bauð fram krafta sína til að meta skógræktartilraunirnar og setja af stað nýjar tilraunir til að fylgja eftir lúpínuræktuninni. Tilgangurinn var að koma upp trjágróðri í því skyni að slá á vindhviður og hemja skafrenning. Skemmst er frá því að segja að verkefnið var framkvæmt árið 2002 og fjármagnað alfarið af umhverfisdeild bandaríska varnarliðsins.

Skoðunarferðin gaf vísbendingar um að í þessum tilraunum sé að finna efnivið (þ.e.a.s. trjátegundir og klóna) sem bæði eru harðgerðir og hentugir á Suðurnesjum, en á uppblásnu landi er lúpínuræktin skjótvirkasta og ódýrasta leiðin til að ná árangri í ræktun trjágróðurs. Skoðunarferðin gaf einnig tilefni til ályktana um að sennilega séu veðurfarsleg skilyrði til skógræktar á Suðurnesjum vanmetin og megi bæta með vali á réttum efnivið og jarðvegsbótum.

Brynjólfur Jónsson



Víðiklónatilraun skammt utan við Sandgerði með um 118 mismunandi klóna kemur ærið misjafnlega út. Sama tilraun var einnig sett út innan flugvallargirðingarinnar á Keflavíkurflugvelli. Sammerkt báðum stöðum er að um tuttugu klónar af jörfaviði, úr söfnunarferð Óla Vals og félaga frá 1985, þrífast hvað best. Hraðvaxnastur er jörfaviðir 'Katla' (Mynd: BJ).



Jólaskógar skógræktarfélaganna

Skógræktarfélög víða um land selja jólatré fyrir jólin í ár, eins og undanfarin ár. Það er öllum í hag að velja ferskt íslenskt jólatré af skógræktarfélagunum og styrkja með því skógræktarstarfið í landinu.

Þau skógræktarfélög sem selja jólatré fyrir jólin 2011 eru:

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga er með jólatrjáasölu á Gunnfríðarstöðum, sunnudaginn 18. desember kl. 11-15. Einnig er félagið með sölu á jólatrjám á Fjósum á sama tíma.

Skógræktarfélag Austurlands er með jólatrjáasölu í Eyjólfsstaðaskógi helgarnar 10.-11. og 17.-18. desember, kl. 12-16.

Skógræktarfélag Austur-Skaftfellinga er með jólatrjáasölu í Haukafelli á Mýrum sunnudaginn 11. desember kl. 11-15.

Skógræktarfélag Árnesinga er með jólatrjáasölu að Snæfoksstöðum í Grímsnesi helgarnar 10.-11. og 17.-18. desember og 22.-23. desember. Opið kl. 11-16 alla dagana.

Skógræktarfélag Borgarfjarðar selur jólatré í samvinnu við björgunarsveitir á félags-

svæðinu. Jólatrjáasala verður sunnudaginn 18. desember. Nánar auglýst síðar.

Skógræktarfélag Dýrafjarðar verður með jólatrjáasölu sunnudaginn 11. desember, kl. 13-15, á Söndum í Dýrafirði.

Skógræktarfélag Eyfirðinga er með jólatrjáasölu á Laugalandi á Þelamörk helgarnar 10.-11. og 17.-18. desember, kl. 11-15.

Skógræktarfélag Eyrarsveitar selur jólatré og verður Lionsklúbbur Grundarfjarðar með tré frá félaginu til sölu.

Skógræktarfélag Garðabæjar verður með jólatrjáasölu í Smalaholti laugardaginn 17. desember kl. 13-16, í samvinnu við Lionsklúbbinn Eik.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar er með jólatrjáa- og skreytingasölu í Selinu, bækistöðvum félagsins og Þallar, við Kaldárselsveg í Hafnarfirði. Opið allar helgar fyrir jól kl. 10-18.

Skógræktarfélag Ísafjarðar verður með jólatrjáasölu laugardaginn 10. desember kl. 13-15 við Seljaland.

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar er með jólatrjáasölu í Hamrahlið við Vesturlands-

veg. Opið alla daga til og með Þorláksmessu, kl. 10-16 um helgar, kl. 12-16 virka daga.

Skógræktarfélag Rangæinga er með jólatrjáasölu sunnudaginn 18. desember í Bolholtsskógi á Rangárvöllum, kl. 12-15.

Skógræktarfélag Reykjavíkur er með jólatrjáasölu á Jólamarkaðinum á Elliðavatni, opið allar helgar fram að jólum kl. 11-17, og í Grýludal helgarnar 10.-11. og 17.-18. desember, kl. 11-16.

Skógræktarfélag Siglufjarðar er með jólatrjáasölu í skógræktinni í Skarðsdal sunnudaginn 11. desember, kl. 13-15.

Skógræktarfélag Skagfirðinga er með jólatrjáasölu laugardaginn 17. desember í Hólaskógi og Varmahlíð, kl. 12-15.

Skógræktarfélag Skilmannahrepps er með jólatrjáasölu í skógræktarsvæði félagsins við Furuhlíð, laugardaginn 10. desember kl. 12:30-16:30.

Skógræktarfélag Stykkishólms er með jólatrjáasölu helgina 17.-18. desember. Nánar

auglýst síðar.

Skógræktarfélagið Mörk er með jólatrjáasölu í Stóra-Hvammi, Fossi á Síðu, sunnudaginn 18. desember kl. 13-15.

Fossá í Hvalfirði – Skógræktarfélag Kópavogs, Mosfellsbæjar, Kjalarness og Kjósarhrepps eru með jólatrjáasölu á Fossá í Hvalfirði helgarnar 10.-11. og 17.-18. desember kl. 10-16.

Skógræktarfélag Íslands tekur á móti skipulögðum hópum í Brynjudal í Hvalfirði allar helgar fram að jólum.

Jólatrjáamarkaður skógræktarfélaganna. Skógræktarfélagin verða með jólatrjáamarkað vestan við Umferðarmiðstöðina (BSÍ) 10.-23. desember. Opnunartími: 10.-20. desember kl. 12-20 og kl. 12-22 dagana 21.-23. desember.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands - www.skog.is